

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 41

Dags. 14.2.2013

Skipulags- og umhverfisnefnd - 14.02.2013

41. fundur.

14. febrúar 2013 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Snæfríður Njálisdóttir

Guðrún Tryggvadóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(Í fjarveru Þórunnar Jónsdóttur)

1. Árteigur í Kinn. Viðbygging við verkstæðishús í Árteigi S20130102

Erindi dags 24. janúar 2013 frá Eiði Jónssyni kt. 280957-5269 og Arngrími P. Jónssyni kt. 040567-4539 þar sem þeir sækja um byggingarleyfi fyrir fyrir viðbyggingu við verkstæðishús sem þeir eiga til helminga í Árteigi. Í væntanlegri viðbyggingu er gert ráð fyrir véla- og verkfærageymslu auk lagers. Einnig sækja þeir um að rífa hluta af eldri viðbyggingu við núverandi verkstæðishús.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að viðbyggingu verði grenndarkynnt fyrir nágrönnum skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Lundsskógur. Breyting á aðalskipulagi.

S20120503

Lögð fram greinargerð sem sveitarstjóri og skipulags- og byggingarfulltrúi lögðu fyrir sveitarstjórn vegna hugmynda að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 þar sem landnotkun í einum skipulagsáfangi í frístundabyggðinni í Lundsskógi yrði breytt úr frístundabyggð í íbúðabyggð.

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir nefndinni grein fyrir hugmyndum að sa meignlegum fund sveitarstjórnar, skipulags- og umhverfisnefndar og fulltrúa frá Skipulagsstofnun 7. mars n.k. þar sem farið yrði yfir skipulagslegar forsendur vegna breytingar á aðalskipulagi á viðkomandi svæði.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir fyrir sitt leyti hugmyndir um sameignlegan fund sveitarstjórnar, skipulags- og umhverfisnefndar og fulltrúa frá Skipulagsstofnun þar sem farið yrði yfir skipulagslegar forsendur vegna breytingar á aðalskipulagi á viðkomandi svæði.

3. Staðarbraut (854). Umsókn um framkvæmdaleyfi.

S20130201

Erindi dags. 8. febrúar 2013 frá Gunnari H. Guðmundssyni svæðisstjóra Norðursvæðis f.h. Vegagerðarinnar þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi til að endurbyggja Staðarbraut (854) frá Aðaldalsvegi að Laxárbrú skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindi Vegagerðarinnar verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til 3. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012

Fundi slitið.